



Stefna ríkisstjórnarinnar, ræða flutt á 7. áratugnum.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Stefna – Ríkisstjórn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í upphafi síðasta þings lýsti ég í fáum orðum meginstefnu stjórnarinnar og helztu viðfangsefnum. Þetta var þá eðlilegt vegna þess, hversu langt var liðið frá því, að ríkisstjórnin hafði tekið við völdum og gefið stefnuyfirlýsingu sína. Yfirlýsingin frá því í fyrra er enn í fullu gildi, ^{meina} að svo miklu leyti, sem ~~ekki~~ er lokið framkvæmd ýmsra þeirra mála, sem þar voru talin. En til viðbótar henni þykir rétt að rifja upp meginstefnu stjórnarinnar og gera í örfáum orðum grein fyrir helztu viðfangsefnum, sem nú blasa við.

Meginstefnan er hin sama og Ólafur Thors lýsti þegar í nóvember 1959, að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og líf skjör geti enn farið batnandi.

Vegna þeirra verðlækkana, sem orðið hafa síðustu mánuði á helztu útflutningsvörum landsmanna, eru viðhorfin í efnahagsmálum þjóðarinnar nú önnur en verið hafa undanfarin ár. Hér koma og til greina örðugleikar vegna vaxandi efnivöruskorts hraðfrystihúsa, ^{meina} sem sprettur af minnkandi afla á veiðieiningu og af samdrætti togaraútgerðarinnar og einbeitingu stórvirkasta hluta bátafлотans að síldveiðum.

Að svo vöxnu máli telur ríkisstjórnin, að megináherzlu verði nú að leggja á stöðvun verðhækkana innanlands og helst, að ekki verði hækkun á innlendu verðlagi frá því, sem var hinn 1. ágúst s.l. Í því skyni að vega upp á móti hækkun búvöruverðs ~~á milli~~, sem samkomulag varð um í sexmannanefnd fyrir skemmstu, ákvað ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslur á búvörum og hefur nú til athugunar fleiri ráðstafanir í þá átt til að draga úr áhrifum verðhækkana frá 1. ágúst. Skilyrði þess, að stöðvun verðlags fyrir atbeina ríkisvaldsins takist, er, að ekki séu gerðar aðrar ráðstafanir, sem leiða hljóta til verðhækkana, og veltur þá á miklu, að í þeim efnum takist samvinna milli ríkisstjórnar og Alþingis annarsvegar og stéttarféлага verkalýðs og annarra launþega og atvinnurekenda hinsvegar.

Þá þarf og skjótlega að taka ákvörðun um, hvort gera eigi með rýmkun veiðiheimilda innan fiskveiðilögsögunnar, ráðstafanir til öflunar efnivöru til hraðfrystihúsanna, og þar með létta undir með útgerð minni báta og togaranna, jafnframt því, sem gerðar

verði nauðsynlegar breytingar til að draga úr reksturskostnaði þeirra.

Af einstökum málum, sem lögð verða fyrir Alþingi auk fjárlagafrumvarps og þeirra frumvarpa, sem eru í sambandi við það, og frumvarpa um staðfestingu á bráðabirgðalögum, er þessara að vænta í upphafi þings:

Frv. til laga um landhelgisgæzlu Íslands; frv. til l. um breytingu á lögum um bann við botnvörpuveiði í landhelgi; frv. til l. um breytingu á áfengislögum; frv. til l. um fávítastofnanir; frv. til l. um breytingu á lögum um almannavarnir; frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma; frv. til l. um Kristnisjóð; frv. til l. um verðjöfnunargjald af veiðarfærum, frv. til laga um námslán og námsstyrki; frv. til skóla-kostnaðarlaga; frv. til l. um afnám Viðtækja-verzlunar ríkisins; frv. til höfundarlaga; frv. til l. um greiðslur til höfunda vegna útlána úr bókasöfnum; frv. til l. um breytingu á útvarpslögum vegna ísl. sjónvarps; frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þ.e. samskonar hlutdeild sjómanna-samtakanna og Landssambands ísl. útvegsmanna;

frv. til laga um áframhald heimildar fyrir landanir erlendra veiðiskipa hér við land; frv. til laga um aðild verzlunarfólks að atvinnuleysistryggingum. Ennfremur verður endurflutt frv. til laga um réttindi skipstjórnarmanna, um samábyrgð Íslands á fiskiskipum og frv. um bátaábyrgðarfélög, svo og frv. til breytinga á laxveiðilögum.

Síðar á þinginu er að vænta frv. til nýrra heildarlaga um tollheimtu og tolleftirlit, frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til laga um listamannalaun.

Í athugun eru frv. um eftirlit með opinberum framkvæmdum, frv. um embættisbústaði og frv. til nýrra bókhaldslaga, ^{svo og} endurskipulagningu félagsheimilaskjóðs og íþróttaskjóðs.

Unnið er að endurskoðun hafnarlaga og málefna Skipaútgerðar ríkisins og raforkulaga. Ennfremur að tillögum um öflun nýrra tekna fyrir vegaskjóð, svo og breytingu á lögum um almannatryggingar vegna fyrirhugaðs afnáms ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla, breytingu á orlofslögum, á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, og nýrri heildarendurskoðun á lögum um opinbera aðstoð við íbúðarbyggingar.

Þá er unnið að samningu frv. til laga um jarðakaupasjóð ríkisins og hagræðingarsjóð landbúnaðarins.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að halda áfram að styðjast við sem ýtarlegasta áætlanagerð í viðleitni sinni við að halda jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Eins og á undanförunum árum mun verða samín áætlun um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða á árinu 1967 og um fjáröflun í því sambandi. Jafnframt er hafinn undirbúningur að Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1967-1970. Þá mun haldið áfram að vinna að áætlunum um framkvæmdir og atvinnu- mál í einstökum landshlutum. Hér er þess og að minnast, að um næstu áramót kemur til framkvæmda löggjöf sú, sem síðasta Alþingi samþykkti um Framkvæmdasjóð Íslands, sem ætlað er að auðvelda samræmda heildarstjórn á opinberri fjárfestingu.

Um tillögur og ráðstafanir ríkisstjórnarinnar mun sitt sýnast hverjum nú eins og endranær. Minni háttar ágreiningur skiftir litlu máli miðað við það, að nú megi takast að stöðva verðhækkningar innanlands. Ella er afkomu helztu atvinnuvega og framleiðslu þjóðarinnar stefnt í voða og þar með því atvinnuöryggi, sem verið hefur einn traustasti hornsteinn góðrar afkomu almennings um langt skeið.